

Stjórnarfundur FEB nr. 517 þriðjudaginn 4. nóv. 2025

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Guðrún Bergmann, Bjarni Bjarnason og Gunnlaugur A. Júlíusson (sem kom seint á fundinn)

Mættir varamenn: Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Fanney S. Jóhannsdóttir

Fjarverandi: Kristinn Eiríksson og Kristján Guðmundsson

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

- Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
- Málþing LEB um ofbeldi gegn eldra fólki, haldið 16. október**
 - Formaður FEB sem jafnframt er varaformaður LEB var tilnefndur af LEB til að halda utan um málþingið og stýra því.
 - Málþingið gekk vel.
 - Ekki vitað til að málþing um sama efni hafi verið haldið áður
 - Hagsmunaaðilar og þeir sem voru með framsögu voru mjög ánægðir með framtakið.
 - Sláandi fyrirlestrar.
 - Ljóst er að fylgja þarf málþinginu eftir.
 - Formaður og varaformaður LEB hafa komið fram í fjölmiðlum og ritað grein til að fylgja málefninu eftir.
 - Bent var á að það er hlustað á skoðanir FEB og LEB og við þurfum því að vera dugleg að nota raddir okkar sem þrýstiafl til að bæta kjör/hagsmuni/-aðbúnað eldra fólks t.d. við að ná árangri við að sporna við ofbeldi gegn eldra fólki – en þar er mikið verk að vinna.
- Umsagnir til Alþingis**

Tvö mál liggja fyrir stjórn til umsagnar:

Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar:

 - Frumvarp til laga um almannatryggingar (launavísitala), 155. mál**
LEB sendi inn umsögn 24. okt. Fundurinn sammála um að FEB tekur heilshugar undir sjónarmið LEB varðandi frumvarpið og var framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn þess efnis.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar:

 - Tillögu til þingsályktunar um bætur vegna tvísköttunar lífeyrisgreiðslna, 5. mál.**
Þarfnast nánari skoðunar, áður og ef umsögn verður send.
- Fundur með skrifstofustjóra öldrunarmála á Reykjavíkurborg**
 - Farið var yfir fund sem formaður og framkvæmdastjóri héldu með skrifstofustjóra öldrunarmála hjá Reykjavíkurborg. Margt gagnlegt kom fram á þeim fundi sérstaklega er varðar málefni sem tekin voru fyrir á Málþinginu um ofbeldi gegn eldra fólki. Mikill áhugi að endurvekja samskiptin milli borgarinnar og FEB og var næsti fundur ákveðinn í framhaldinu.

5. Erindi um undanþágu varðandi búsetu í íbúðum byggðum af FEB

- Stjórn barst erindi um undanþágu að barnabarn sem búsett er erlendis fengi að flytja lögheimili sitt til ömmu sinnar meðan það stundaði nám á Íslandi. En amman býr í íbúð sem byggð var af FEB. Afgreiðsla stjórnar var eftirfarandi: Beiðnin fellur ekki undir þinglýstar kvaðir er á íbúðinni hvíla.

6. Starf nefnda:

Farið var yfir starf nefnda frá síðasta stjórnarfundum.

- **Velferðarnefnd** fékk til sín á fund framkvæmdastjóra og greinanda frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og var efnið: Staða hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum. Fundurinn var mjög gagnlegur og ljóst er að samtökin og FEB stefna á samvinnu í framtíðinni
- **Kjaranefnd** fundaði til að undirbúa baráttuna fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar næsta vor. Kjara- og Velferðarnefnd þurfa að vinna þessa undirbúningsvinnu saman og taka fundi með fulltrúum flokkana í framhaldinu.

7. Þjónusta stjórnarmanna FEB til félagsmanna



Tekin fyrir boð stjórnarmanns um að halda fyrirlestur fyrir félagsmenn FEB. Meirihluti stjórnar samþykkur því en telur það ákvörðun framkvæmdastjóra.

8. Önnur mál

- Í mars 2026 verður FEB 40 ára. Af því tilefni samþykkti stjórn að fá aðila sem til félagsins þekkir til að rita grein um sögu félagsins sem birta á í Félagstíðindum FEB sem væntanlega verða gefin út í mars/apríl 2026.
- Umræða um hvort hætta eigi útgáfu Félagstíðinda á pappír til að draga út kostnaði. Fundarmenn ákváðu að fresta þeirri umræðu um ár því það væri við hæfi að gefa blaðið út á prenti á afmælisári félagsins.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar


Dýrleif S. JÓHANNSDÓTTIR

Guðrún ÓSK JAKOBSDÓTTIR